Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kollgáta ehf.
Kaupvangsstræti 29
600 Akureyri

7. október 2019
MÍ201909-0065/ 11.00/ 5300

Strandgata 33, Akureyri – þak og svalir

Í tölvupósti dags. 24. september 2019 leitar Valþór Brynjarsson byggingafræðingur eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna Strandgötu 33. Með erindinu fylgja ódagsettir aðaluppdrættir teiknistofunnar Kollgátu af breytingunni. Leitað er álits á fyrirhuguðum breytingum á innra skipulagi hússins, endurnýjun þaks ásamt breytingu kvists á norðurhlið í mæniskvist. Jafnframt er óskað álits vegna fyrirhugaðra svala á þriðju hæð hússins, vesturhlið.

Strandgata 33 er tvílyft steinsteypt hús, kjallari og ris. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1924. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við breytingar á þaki, kvisti og innra skipulagi Strandgötu 33. Ekki er gerð athugasemd við að settar verði svalir á vesturhlið hússins en hugað skal að því að gerð svalanna verði í samræmi við upphaflegan stíl hússins. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna og svaladyra skal einnig taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum steinsteyptra húsa frá sama tíma. Deili- og sérteikningar af svölum skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:
Kollgáta ehf. (kollgata@kollgata.is)
Leifur Þorsteinsson, verkefnisstjóri byggingarmála Akureyri (leifur@akureyri.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33.,, 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.